

» TÍSKA
Dönsk
hönnun

» MATUR
Einfaldir
pastaréttir

» HEILSA
Borðað
fyrir ástina



birta
með á ballið

» Svandís Svavarsdóttir
**Vill hreyfa
við hlutunum**

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
10. mars - 16. mars

Ekki bara spari að spara!

Verðbréfasjóðir eru alltaf að verða stærri partur af sparnaði okkar Íslendinga. Með því að fjárfesta í verðbréfasjóðum er dregið úr áhættunni sem fylgir kaupum á einstökum bréfum.

Sérfræðingar í Eignastýringu SPRON Verðbréfa hafa sett saman þrjú fjárfestingarsöfn með mismunandi markmið um ávöxtun og áhættu. Leiðirnar endurspeгла verðbréfasjóði SPRON Verðbréfa. Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

Sjóðastýring: Miðað er við 5 milljóna kr. Lágmark í sjóðastýringu SPRON Verðbréfa. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni. Kaup í ofangreindum söfnum sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.


Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við 01.08.2005–01.02.2006 á ársgrundvelli. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

Í boði eru þrjú sparisöfn:


Örugga safnið

Áherslan er á stöðuga ávöxtun og lágmarkssveiflur. Hentar vel fyrir þá sem vilja taka litla áhættu. Áherslan er á innlenda og erlenda skuldabréfasjóði eða 75% á móti 25% fjárfestingu í hlutabréfasjóðum. 24,18% ávöxtun.



Hefðbundna safnið


Áherslan í Hefðbundna safninu er að ná góðri ávöxtun og áhersla lögð á áhættudreifingu. Fjárfest er 50% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum ásamt 50% í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum. Áhættan í þessari leið er í meðallagi. Ákjósanleg leið fyrir þá sem vilja vera varkárir en vænta jafnframt góðrar ávöxtunar. 39,3% ávöxtun.



Ávöxtunarsafnið

Áherslan í Ávöxtunarsafninu er að fjárfesta að miklum meirihluta í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum eða 75% á móti 25% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum. Markmiðið er að ná góðri áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum. Í þessu safni eru meiri sveiflur og áhætta og hærri væntingar um ávöxtun til lengri tíma.

54,42% ávöxtun.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfabjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.





Arrival

SÓLBRÚNKA FRÁ
IBIZA

SJÁLFBRÚNKA FRÁ
NIVEA



NÝTT

NIVEA SUN rakagefandi
sjálfbrúnkusprey fyrir
náttúrliga sólbrúngu.
www.NIVEA.com





18



14

Þetta helst

- 7 Árshátíðir í alglymingi
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Berglindar Maríu Tómasdóttur
- 10 Listin að lífa

Viðtal

- 14 Svandís Svavarsdóttir;
Vill hreyfa við hlutunum

Hann hún

- 18 Einfaldir og ferskir pastaréttir
- 20 Hátíska í öllum heimsborgum
- 22 Brynhildur elur upp
- 22 Frami og foreldrahlutverk
- 24 Borðað í nafni ástar
- 28 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 28 Stjörmuspá

Í hverju blaði

- 30 Sudoku
- 32 Krossgáta
- 33 Sjönnvarpsdagskrá næstu viku



24



22

birta

10. mars – 16. mars 2006 nr. 10

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is

ÁBYRGÐARMADUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is@365.is
Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Sölufulltrúi 550 5854 / 866 0796
Aron Bergmann Magnússon / aron@365.is
Sölufulltrúi 550 5857 / 616 7490

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Kristín Agnarsdóttir og Einar Elí Magnússon
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Hari
NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

CASA FIESTA



HUGSAÐU MEÐ
BRAGÐLAUKUNUM

Árshátíðir í algleymingi

Í amstri hversdagsins er boðað til árshátíða. Dregnir eru fram kjólar og hálstau, pressað og straujað og um fjögurleytið á laugardegi fara allir hárlásarar bæjarins af stað á sama tíma. Hárið er togað og krullað, lyktin af hárlakki og skóáburði yfirgnæfir vorilminn og nýlakkadar neglur glansa sínu fegursta.

Barry White syngur í græjunum, hálfklæddir bossar dilla sér í takt við tónlistina og dreypt er á rauðlitum vökva úr glasi meðan hressit er upp á verk skaparans. Eftir að kjóll og hvítt hefur hulið kroppa kvenna og karla er skundað í átt að glæstum veislusal. Á rauða dreglinum verða mikil

fagnaðarlæti, „háææjj“ heyrir í konum, „nei blessaður“ heyrir í körlum. Svo arka allir saman niður rauða dregilinn í átt að veisluhlaðborði og nýbónuðu dansgólfi. Fáir endast fram undir morgun á árshátíðargleði þar sem erilsamur undirbúningur slíkra hátíða í bland við kampavín og kokteila sendir marga snemma heim uppgefna eftir tilstandið. Því er ágætis hugmynd að hvíla lúin nýsnyrt bein á rauðum dregli áður en nóttin er tekin með trompi, dansskónum slitið og kampavínið klárað.



heitt & kalt |

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Víð stofuhita

Ískalt





HVÍTUR LITUR Nú eiga flíkurnar að vera ljósar eða hvítar sem á sannarlega við þegar sumarið nálgast. Fólk getur fundið sér litatón sem hentar húð- og háralit.



LAKKSKÓR Lakkskór eru ekki lengur bara fyrir litlar, sætar stelpur. Í erlendum tísku-blöðum ber mikið á þeim þó Íslendingar séu aðeins lengur að taka við sér.



TVÍHNEPPTIR, BUNDIR JAKKAR Þessir jakkar voru vinsælir í fyrra og halda því áfram þetta árið. Þeir eru sígildir en ekki heitasta tískan.



KÚREKASTÍGVÉL Þessi stígvél vestursins fara nú að syngja sitt síðasta. Þetta var bóla sem líklegast má telja að sé sprungin.



**SKAMMDEGISÞUNG-
LYNDI** Nú þegar sólin hækkar á lofti á skammdegisþunglyndi ekki lengur við. Taktu lífinu léttar og brostu framan í birtuna!



» Sólgleraugu Láttu sólina ekki blinda þig

Sólin er farin að hækka á lofti og getur blindað ökumenn sem skapar mikla hættu í umferðinni. Sólgleraugu eru því ómissandi við aksturinn. Sólgleraugu eru seld á flestum bensínstöðvum og þurfa ekki að kosta mikið. Fyrir þá sem

eru vandlátari er kannski aðeins meira mál að finna réttu gleraugun en það þarf samt ekki að taka svo langan tíma. Best er að geyma sólgleraugun í bílnum svo að þau séu örugglega alltaf við hendina þegar að sólin fer að skína.



» Ferðatöskur Ekki er ráð nema í tíma sé tekið

Sumarið nálgast óðfluga og grámyglulegir norðurfabsbúar fara að huga að ferðalögum suður á bóginn. Það er ótækt að fara í fríið óundirbúinn með stuttbuxurnar, sólarvörnina og tannburstann í íþróttatösku eða svörtum ruslapoka. Það er enginn maður með mönnum nema hann eigi fallega ferðatösku og þá helst nokkrar í stíl. Eina fyrir handfarangurinn, eina undir fötin og eina (auðvitað þá stærstu) undir allt dótið sem kaupa á í útlandinu. Ekki láta nappa þig í tollinum með buxurnar á hælunum og púko ferðatösku frá því í fyrra.

Já og amen » Fermingar

Brátt kemur fermingarflóðið. Nú þegar eru verslanir farnar að auglýsa fermingarfötin, búið er að panta kökuna, einhverjir hafa lært trúarjátninguna og boðskortin eru komin í póst. Fyrr en varir hringja kirkjubjöllur, kyrtillkædd fermingarbörn arka niður kirkjugólfið með sálmaþók í hönd og gestir hagræða borðum og slaufum á fermingargjöfunum. Eftir já og amen er skundað til veislu þar sem brauðréttir hverfa ofan í svanga maga og fermingarbörn gleðjast yfir fallegri gjöf sem leyndist undir hagrædda borðanum. Þegar kransakakan er búin og fermingartíðinni formlega lokið velta menn og konur því fyrir sér hvort hafi verið meira, gjafirnar eða trúin.



Te ársins kemur frá Afríku
en er reyndar ekki te!



Rooibos frá Afríku - þrjár tegundir

Í rauninni er Rooibos alls ekki te. Það búið til úr rauðum runna sem vex í Cedarberg-fjöllum í Suður-Afríku. Rooibos er lagað eins og venjulegt te. Djúp-rauður liturinn og mildur ilmur með krydduðum keimi gera tedrykkjuna að notalegri upplifun. Rooibos inniheldur ekki kaffín.





brennslan mín ...
Berglind María Tómasdóttir

Sálmar, eitís og allt þar á milli

„Lögin í brennslunni minni eru flest lög sem ég hef verið að hlusta á undanfarið og spila í vinnunni minni,“ segir Berglind María Tómasdóttir sem er einn umsjónarmanna tónlistarþáttanna Hlaupanótunnar og Afsprengis á ráis eitt og tónlistarmaður í dúndurbandinu Aton. „En ég gat ekki annað en haft gömlu hetjurnar mínar frá níunda áratugnum með, Michael Jackson og Prince. Þeir tveir eru enn hetjurnar mínar þrátt fyrir allt.“ Berglind hlustar á tónlist úr öllum áttum eins og brennslan ber með sér. „Ég hefði átt auðvelt með að setja saman hundrað laga lista,“ segir hún og er strax komin með hugmyndir að fleiri lagalistum. Lesendur Birta verða þó að láta sér þennan nægja í bili.

TRACK 1 Flís tríóið kemur hér fyrst á listann. Þeir eru miklir snillingar þessir strákar. Set inn í brennsluna svona reggískotinn spuna sem þeir tóku upp fyrir þáttinn minn Hlaupanótuna í síðustu viku.

TRACK 2 435271 eftir Áka Ásgeirsson í flutningi Poing tríósins. Annað frábært tríó, skipað saxófónleikara, harmóníkkuleikara og kontrabassaleikara. Þessir gaurar eru norskir og miklir virtúósar.

TRACK 3 Flautukonsert eftir Atla Heimi Sveinsson. Frábært verk sem inniheldur mjög flotta rytma og sánd. Dæmi um hvað Atli Heimir er frumlegt og frjótt tónskáld.

TRACK 4 Heyr himnasmíður eftir Porkel Sigurbjörnsson í flutningi Hamrahlíðarkórsins. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tónlistaruppeldi hjá Þorgerði, það var mikil tónlistarleg opinberun að kynna þessu verki.

TRACK 5 Tsmindao Ghmerito eftir Evan Ziporyn. Ziporyn er bassaklarinetuleikari og spilar með Bang on a Can sveitinni. Verkið flytur hann sjálfur, spilar og syngur í gegnum hljóðfærið á magnaðan hátt.

TRACK 6 Industry eftir Michael Gordon. Hann er líka Bang on a Can maður, listrænn stjórnandi þeirrar sveitar og tónskáld. Verk fyrir einleiksselló sem Maya Beiser flytur á magnaðan hátt.

TRACK 7 Billie Jean í flutningi Péturs Ben. Pétur kom í Hlaupanótuna fyrir jól og tók þetta lag í einstaklega flottri útsetningu sinni. Maður upplifir þessa meistarasmið Mikla á alveg nýjan hátt í meðförum Péturs.

TRACK 8 When Doves Cry með Prince. Svona fyrst ég er byrjuð í eitísinu. Mér þykir þetta lag enn jafn flott og mér þótti það þegar ég var 12 ára.

TRACK 9 Kashmir með Led Zeppelin. Lag sem ég hef haft á heilanum síðustu vikur - stórkostlegt stef bababa-bababa. Ég er nýlega farin að hlusta á þessa hljómsveit, þökk sé tónlistarsmekk sonar míns.

TRACK 10 Push Play með hljómsveitinni CC. Band skipað þremur frábærum strákum í Austurbæjarskóla. Hægt að hlusta á þetta inni á snilldarsíðunni rokk.is

» birta mælir með...



...ÍSBÚÐ VESTURBÆJAR

Nammí namm. Ísinn í Ísbúð Vesturbæjar við Hagamel er á einhvern máta betri en allur annar ís. Sérstaklega gamli ísinn sem er æði. Þeir sem leggja leið sína í Ísbúðina ættu að biðja um einn gamlan ís í brauðformi, að sjálfsögðu stóran, með lúxusdýfu en í þeirri dýfu er eitthvað guðdómlega gott sem kætir bragðlaukana. Svo er bara að borða og njóta.



...**HORNINU** Veitingastaðurinn Hornið í Hafnarstræti ber fram stórgóðan ítalskan mat í þægilegu umhverfi. Réttir dagsins eru ávallt á góðu verði, pastaréttirnir eru allir hreint út sagt frábærir og pítsurnar eins og þær gerast bestar. Vert að líta við og smakka á ítalskri matargerð.


...**LEIKVERKINU HUNGRI** Hungur er sérlega áhugavert leikverk sem sýnt er á Nýja Sviði Borgarleikhússins. Verkið tekur á ofáti og svelti og dregur upp ískeygglega samfélagsmynd af átröskunarsjúkdómum. Verkið er sálfræðitryllir sem er mjög gamansamur á köflum ásamt því að hafa framúrskarandi tónlist. Ekki láta neinn segja ykkur frá söguþræðinum, þetta verður allt að koma á óvart.



NÝTT

Lífið getur verið flókið eins og allir vita. Ekki er því verra að geta lesið sér til um leiðir til að gera það einfaldara, fallelgra og betra. Bækur í nýjum bókaflökki Eddu, Listin að lifa, vísa lesendum til vegar í leitinni að aukinni lífsfyllingu og lífsgleði. Út eru komnar þrjár bækur í flokknum, Fyrirgefningin, Hvers vegna ég og Listin að elska. Í fyrstnefndu bókinni segir höfundur, Gerald G. Jampolsky frá lækningamætti fyrirgefningarinnar. Í bókinni Hvers vegna ég er að finna svör við erfiðum spurningum um áföllin í lífinu. Í Listinni að elska segir Erich Fromm frá mætti ástarinnar í öllum sínum margbreytilegu myndum. Bækurnar eru í fallegu broti og henta vel til gjafa í þjóðfélagi hraða og spennu. Þær kosta 1.899 krónur.





Ræðst gegn verkjum!

Paratabs® – Öflugur verkjabani!



Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpinu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sóttthita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljógandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lífrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lífrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lífrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05


hagur í heilsu



Mynd: VILHELM

Víðtal: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR

Suðupottur hugmynda

Sóley Ástudóttir og Guðrún Vala Benediksdóttir eru konurnar á bak við Emm. Við sjáum afrakstur vinnu þeirra víða án þess að veita því athygli að þarna er Emm á ferðinni. En hvað er Emm?

Guðrún: Emm er í raun umboðsskrifstofa. Við erum með módel, stílista, make up artista, ljósmyndara, grafíska hönnuði og annað hæfileikafólk á okkar snærum sem við virkjum í okkar verkefnum.

ER ÞETTA ÞÁ NÝ STARFSEMI SEM ÞIÐ ERUÐ AÐ FARA AF STAÐ MEÐ?

Sóley: Í raun erum við bara að setja nafnið Emm á það sem við erum búnar að vera gera síðasta árið. Við höfum verið með förðunarskóla og stílistanámskeið og í tengslum við það hafa okkur borist óskir um að taka að okkur stærri verkefni. Við höfum lagt mikla vinnu í að setja saman lið fyrir ýmsar myndatökur og núna viljum við færa þetta undir einn hatt.

Guðrún: Við erum þrjár sem höldum utan um þetta. Sóley heldur utan um skólann. Anna Clausen mun halda utan um þau módel sem við erum með á skrá og ég starfa sem framkvæmdastjóri og held utan um öll þau verkefni sem við tökum að okkur.

HVAÐA VERKEFNI ERUÐ ÞIÐ BÚNAR AÐ TAKA AÐ YKKUR?

Sóley: Við gerðum einn bækling fyrir hönnunartvíeyki sem kom frá Danmörku.

Redduðum módelum, ljósmyndara, stílista, grafískum hönnuði og settum saman ákveðið concept. Þjuggum til lógó og bækling með bæði tiskmyndum og myndum af vörnum sjálfum og settum saman. Núna er tvíeykið í London að selja vörurnar og nota bæklingana meðal annars til þess. Skólinn reddaði einnig make up fólk fyrir Ávaxtakörfuna, Allt í drasli og íslenska Bachelorinn og við settum saman lið til að gera myndirnar sem sjást á efri hæð Kaffi Ólivers.

HVERT ER MARKMIÐ YKKAR MEÐ EMM?

Guðrún: Vonin er að þegar erlendir aðilar koma hingað til að vinna verkefni þá leiti þeir til okkar. Við höfum tekið að okkur slík verkefni þar sem við sáum um að redda öllu fagfólki, velja staðsetningu, bóka gistingu, sjá um fjármálin og allan pakkann.

Sóley: Við höfum líka mikla yfirsýn yfir hæfileika þeirra sem komið hafa nálægt skólanum, hvort sem það í förðun, stíliseringu, ljósmyndun eða annað. Við viljum hafa þetta aðeins dýpra, gera fleiri og jafnvel stærri verkefni og á sama tíma geta veitt nemendum okkar mikla vinnu.

Þá er þetta ekki bara skóli búið og bless. Við viljum fylgja okkar fólk betur eftir.

Guðrún: Anna Clausen hefur séð um margar myndatökur hérlendis fyrir erlend blöð og hefur góð sambönd út í heim sem við getum nýtt okkur.

HVAÐA FÓLK VILJIÐ ÞIÐ FÁ MEÐ YKKAR Í SAMSTARF?

Sóley: Við viljum fá hæfileikaríkt fólk. Við horfum ekki bara á ferilsskrána heldur er það hugmyndaauðgin sem skiptir öllu.

Guðrún: Í raun er sama hvaða hugmynd fólk hefur, við erum opnar fyrir öllu og hvetjum alla til að hafa samband, sama í hvaða geira það vinnur í þessum bransa. Við höldum úti heimasíðunni emm.is og þar inni má sjá hvaða fólk við höfum á okkar snærum.

Sóley: Við viljum halda úti lítilli starfsemi frekar en stórrí. Emm er ætlað að vera suðupottur hugmynda fyrir þennan bransa.

Guðrún: Við viljum fylgja okkar verkefnum alla leið og gera þau af lífi og sál. Við litum á okkur sem verkfæri til að koma fólk á fram. Hvort sem það er nám eða vinna þá er Emm stökkpallur fyrir fólk sem vill komast lengra.

PÍANÓ

af öllum stærðum og gerðum



YAMAHA

Yamaha píanó.
Yamaha píanó og flyglar
með og án SILENT búnaðar.
Veldu gæði – veldu Yamaha!

SAMICK

Samick píanó.
Mest seldu píanó á Íslandi!
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 357.000 kr.



Goodway píanó.
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 199.000 kr.
15 mán. Vaxtalausar greiðslur.

ESTONIA

Estonia flyglar.
Handsmíðuð gæðahljóðfæri.



STEINWAY & SONS
Steinway & Sons
Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.
Til sýnis í verslun okkar.



Mesta úrval landsins á einum stað!



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Leifur Magnússon

Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • 591 5350



Vill breyfa við hlutunum

» Svandís Svavarsdóttir ólst upp við pólitíska umræðu en einnig söng og gleði. Tók snemma ábyrgð á eigin lífi og hefur alltaf verið óhrædd að breyta til. Hún sér þó sjálfa sig fyrst og fremst sem streng í stórrí hljómsveit.

Svandís er sest inn í horn á veitingastofu 1919 hótelsins við Pósthússtræti og tekur óstundvísi Birtublaðamanns með jafnaðargeði. Öðrum fundum dagsins er lokið. Svandís er framkvæmdastjóri Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og fer fyrir lista þeirra til borgarstjórnarkosninganna í vor. Margir vita að hún er dóttir Svavars Gestssonar fyrrverandi ráðherra og hún segir þá staðreynd oft hafa verið rifjaða upp á síðustu mánuðum. „Þegar ég var lítil vissu allir hvers dóttir ég var og það þótti það merkilegasta við mig. Síðan hef ég fullorðnast, gifst og skilið og gifst aftur, eignast fjögur börn, átt mitt líf og mitt starf. Svo þegar ég kem inn á þennan pólitíska vettvang á ný þá rifjast það upp að ég er dóttir Svavars Gestssonar og allt í einu verður það mikilvægt aftur. Pabbi var áberandi stjórnmalamaður á vinstri vængnum en það hefur alltaf verið mín filósófa að maður geti verið pólitískur á margan annan hátt en vera í framlínu flokka. Bara það hvernig maður hagar lífi sínu er pólitík. Hvort maður velur að búa í fjölþýli eða sérþýli og hvernig maður elur börn sín upp. Ég vann í mörg ár með heyrnarlausu fólki í réttindabaráttu þess fyrir viðurkenningu á íslenska tákmalínu. Það er mjög pólitískt starf. Ég vil trúá því að maður geti haft áhrif í daglegu lífi þó að skrefin séu stundum smá. Það eru fyrst og fremst hugsjónir sem breyta samfélögum.“

Svandís hefur hugsjónaeldinn víðar að en úr föðuréttinni því hún segir móður sína Jónínu Benediktsdóttur hafa haft ríka réttlætiskennd. „Mamma var mjög vinstri-sinnuð. Hún dó í maí í fyrra og eitt af því sem hún hafði áhyggjur af á sínum síðustu dögum var hvað baráttudagur verkalýðsins væri að missa flugið. Mamma var næm fyrir því smáa í samfélaginu og umhverfinu enda listamaður í sér, ljóðræn og tónlistarmaður en umfram allt skemmtileg og greind kona.“ Spurð hvort hún sjálf hafi erfitt tónlistarhæfileikana svarar Svandís brosandí. „Ég myndi aldrei segja að ég væri hljóðfæraleikari því ég entist ekki í námi í þeirri grein en er alin upp við þá menningu að spila eftir eyranu til gleði

og skemmtunar. Móðuramma mín gerði það mikið og gerir enn. Fjölskyldan á hús úti í Flatey á Breiðafirði og þar gengur fólk út og inn, grípur gítara eða sest við píanóíð og svo er sungið, jafnvel meira en talað. Þetta er menning sem ég er sprottin úr og þegar ég er komin í þannig stemningu þá spila ég.“

TILRAUN TIL AÐ VERÐA FULLORÐIN

Í framhaldi af þessari umræðu rifjar Svandís upp þegar hún 18 ára gömul tók að sér tónlistarkennslu úti í Hrísey, þjálfaði kirkjukórinn og spilaði í hjómsveit hjá leikfélaginu á staðnum.

„Það tíðkaðist á hinni öldinni að fólk færi út á land að kenna eftir stúdentspróf. Það var einhver partur af því að komast til manns og börn úti um allt land þurftu að líða fyrir það að fá leitandi ungmenni til að kenna sér. Við gerðum þetta ég og þáverandi kærasti minn Ástráður Haraldsson. Reyndar var það bara hann sem fór til að kenna en ég að vinna í frystihúsi og lesa utan skóla því ég var bara 18 ára og ekki komin með stúdentspróf. Svo leiddi eitt af öðru. Allt í einu var ég komin með kennslu í grunnskólanum og búin að taka að mér nemendur í hljóðfæraleik, bæði á píanó og flautu. Í litlu samfélagi gerir maður bara það sem gera þarf. Svo vantaði einhvern til að þjálfu kirkjukórinn og af því ég hafði verið í kór þá tók ég það að mér líka. Var með einhverjar hugmyndir um túlkun og að menn ættu að gefa af sér í sálmasöngnum en það leiddi misjafnlega fyrir. Aðalatriðið hjá flestum var að láta verulega muna um sig. Áður en varði var ég líka komin á fullt í leikfélaginu. Delerium Bubonis var sett á svið og þar spilaði ég á píanó, rafvirkinn í plássinu á bassa og ágætur útgerðarmaður sá um trommuleikinn.“

Það leið semsagt stuttur tími frá því ég var sjálf barn þar til ég var komin í hlutverk hins fullorðna kornung og óreynd en þetta var skemmtileg reynsla og þroskandi. Þarna var ég utanskóla í MH í tvö ár. Mér er minnisstætt að þegar ég var búin að vera eitt ár fyrir norðan þá kom ég suður í gamla vinkvannahópinn minn í MH og við vorum allar í kínaskóm, indverskum kjólum og

Stundum finnst mér þessi kennarakafli hafa verið tilraun mín til að verða fullorðin og svo hafi ég orðið fullorðin við að verða móðir. Þá var ég tvítug.

Vinnufatabúðarúlpum. Þær vorkenndu mér svo mikið að vera einangruð fyrir norðan í þessu litla plássi. Þetta er eitt þeirra augnablika í lífinu sem maður uppgötvar einhvern sannleika því þarna áttaði ég mig á því hvað fólk getur orðið einangrað í einsleitum hópi sinna jafningja. Úti í Hrísey var engin stelpa að gera sömu hluti og ég en ég eignaðist þar vini á öllum aldri og úr ýmsum stéttum.“

Svandís kveðst hafa verið orðin ólétt um það leyti sem hún tók stúdentsprófið utanskóla. „Stundum finnst mér þessi kennarakafli hafa verið tilraun mín til að verða fullorðin og svo hafi ég orðið fullorðin við að verða móðir. Þá var ég tvítug,“ segir hún og brosir að minningunni.

OF SEIN Í PRÓFIÐ

Stundum er talað um að konur geri alls konar vitleysu þegar þær eru óléttar og Svandís segir sín furðulegheit hafa falist í því að hún innritaði sig í viðskiptafræði í háskólanum. „Ég skil ekki enn hvernig mér datt það í hug enda fannst mér viðskiptafræðin alveg sérstaklega leiðinleg nema eitt námskeið sem var aðferðafræði og var heimspekikúrs. Þar ákvað ég að taka á því. Fór í próf með barnið þriggja vikna en þegar ég kom inn í aðalbyggingu Háskólans kom í ljós að prófið hafði verið daginn áður. Ég tók það sem skýr skilaboð um að ég væri á rangri braut í lífinu þannig að ég notaði tækifærið og skráði mig úr viðskiptafræðinni. Svo fór ég í almenn málvísindi haustið eftir með íslensku sem aukagrein og var þá komin meira á mína hillu.“

Á háskólaárunum eignaðist Svandís eldri börnin sín tvö, Odd og Auði og alltaf dvaldi hún í Hrísey á sumrin þar sem hún vann á skrifstofu sveitarstjórans. Það var í masters-námi í íslenski málfraði sem hún kynntist íslenska táknmálinu og þá segir hún hafa orðið straumhvörf í lífi sínu. „Það varð ást við fyrstu sýn,“ segir hún og hlær. „Þarna var allt í einu tungumál fyrir framan nefið á mér sem ég vissi ekkert um og var í raun órannsakað. Mál sem lýtur allt öðrum lögmálum en íslenskan, hefur aðra málfræðilega uppbyggingu, aðra orðaröð og setningagerð.“ Í framhaldinu kveðst hún hafa verið „sjanghæjuð“ inn á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra. „Þá kunni ég ekki táknmálið þó ég vissi hvernig það er byggt upp en á þessum vinnustað fara öll samskipti fram á táknmáli og fyrstu misserin var þetta eins og að fara til útlanda á hverjum degi í framandi málumhverfi.“ Eftir þetta var Svandís falið það verkefni að byggja upp nám í táknmálfræði og táknmálstúlkun. „Þarna var ég sem sagt komin í þá stöðu að kenna táknmálfræði og túlkun án þess að vera túlkur sjálf, lærði jafnóðum og



Það hefur alltaf verið mín filósófía að maður geti verið pólitískur á margan annan hátt en vera í framlínu flokka. Bara það hvernig maður hagar lífi sínu er pólitík. Hvort maður notar bílinn eða hjólar, hvort maður velur að búa í fjölbýli eða sérbýli og hvernig maður elur börn sín upp

ég kenndi, en nú er ég hætt að vinna í þágu íslenska táknmálsins á Samskiptamiðstöð og farin að vinna fyrir vinstri græna.“

Svandís viðurkennir að hún hafi gaman af að bæta við sig reynslu og róa á ný mið. „Svo ég minnst aftur á móðurömmu mína þá var ég eitt sinn að keyra hana og afa niður í bæ, bæði komin yfir áttætt. Þá sá hún krakka á hjólabrettum á Ingólfstorgi og sagði. „O, hvað væri gaman að prófa þetta. Verst hvað ég er léleg í mjöðminni.“ Hún er mér að mörgu leyti fyrirmynd og reyndar föðuramma líka. Báðar eru drífandi konur og hressar og hafa kennt mér að lífið er allt til að læra og takast á við nýja hluti.“

SÖNGURINN NÆRIR

Svandís spjallar um heima og geima og greinilegt er að málefni barna eru henni hugleikin enda á hún fjögur stykki sjálf á aldrinum 5 til 21 árs. Þau eldri heita Oddur og Auður og þau yngri Tumi og Una. „Einhver sagði að það væri eins gott að ég ætti ekki fleiri því nöfnin stytust eftir því sem börnunum fjölgaði. Þá mundi enda með því að sjöunda barnið hétu ekki neitt!“ segir Svandís og skellihlær. „Þetta snerist um að

gefa þeim íslensk nöfn og norræn sem þyrftu ekki á styttingu að halda heldur stæðu ein og sér og sjálf. Það er nokkuð sem ég vil að börnin mín geri líka, geti staðið óstudd og hafi styrk í sér sjálfum. Það tel ég ofsalega mikilvægt. Oddur var fremstur í oddafluginu og Auður heitir því nafni af því mér fannst hún strax þegar hún fæddist standa undir því að heita nafni konu sem braut sig út úr karlasamfélaginu með því að vera landnámsmaður. Hún gerir það. Tumi og Una heita björtum og skýrum nöfnum enda eru þau bæði glaðar og heiðskírar manneskjur.“

Seinni maður Svandísar heitir Torfi Hjartarson og er lektor í kennslufræði og upplýsingatækni í Kennaraháskólanum. „Við Torfi kynntumst í Dómkórnum fyrir tíu árum og syngjum þar bæði enn. Við erum góð saman í söng og lífinu sjálfu. Hann er minn besti vinur og félagi. Það er ofsalega góð næring að syngja með góðu fólki og að ná samhljómi með öðrum í margvíslegum skilningi. Það er mér þýðingarmikið að vera sem einn strengur í stóru hljóðfæri. Ég er ekkert voða mikill sólóísti en ég hef gaman af að skapa hreyfingu og taka þátt í breytingum til hins betra.“

viðbúin tilbúin stopp

www.vidbuin.is

Hættum að reykja saman í hóp þar sem allir fá styrk hver frá öðrum og enginn þarf að standa einn í baráttunni. Með sameiginlegu átaki drepum við í fyrir fullt og allt.

Viðbúin:

Þú hefur tekið stóra og merklega ákvörðun – að hætta að reykja.

Tilbúin:

Í þessum þætti átaksins er lögð áhersla á undirbúning fyrir stóra daginn – daginn þegar þú hættir að reykja.

Stopp:

Nú er skrefið stigið til fulls – við drepum í fyrir fullt og allt.

Skráðu þig í átakið á vidbuin.is

Þar er auk þess hægt að finna allar upplýsingar um málið.

Í lok átaksins verður einn heppinn þátttakandi, sem tekst að hætta að reykja, dreginn út og hlýtur stórglaesilegan ferðavinning.

Nicotinell

LYFJA
• LÍFÓ HÉL

Einfaldir og ferskir pastaréttir ...

»sem eru mjög fljótlegir og hægt að setja saman á marga vegu



Umsjón HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Myndir GUNNAR SVERRISSON
RITSTJÓRAR VEGGFÓÐURS TÍMARITS

FERSKT PASTA MEÐ KLETTASALATI OG SÆTUM KIRSUBERJATÓMÖTUM

Ferskt og fyllt pasta (einn pakki er fyrir tvo, til með nokkrum fyllingum)
Krukka af sætum og olíulegnum kirsuberjatómötum (frá Sacla)
Klettasalat
Góð olífuolífa
Parmesanostur

Sjóðið pastað samkvæmt leiðbeiningum. Berið fram á klettasalatbeði, hellið smá extra virgin olífuolífa yfir, setjið kirsuberjatómata yfir pastað og parmesanost. Ótrúlega gott og ferskt.

· Þetta er hugmynd að góðri samsetningu en að sjálfsögðu er hægt að gera margt annað. Til dæmis nota grillaða og olíulegna papriku, mozzarellaost eða annan uppáhaldsost, og eitthvað annað salat en klettasalat eins og spínat.

· Algjör óþarfi að hafa hráefnislistann lengri, klettasalat, góð olífuolífa og parmesan er hreinlega nóg í góðan mat á örskömmum tíma.

PASTA MEÐ SÓLÞURRKAÐUM TÓMÖTUM, GRILLAÐRI PAPRIKU OG MOZZARELLAOSTI

200-250 g pasta (fyrir tvo)
10 sólburrkaðir tómatar
1/2 krukka grilluð og olíulegin paprika (til frá Sacla)
1 kúla mozzarellaostur
hnefi fersk basilíka
salt og pipar
parmesanostur

Sjóðið pastað skv. leiðbeiningum. Skerið tómata og paprikuna í litla bita. Saxið basilíkuna og skerið mozzarellaostinn í bita. Hrærið allt saman, saltið aðeins og piprið og notið olíuna af paprikunni með. Blandið öllu saman við soðið pastað. Berið fram með parmesan.

· Hér er líka gott að vera með klettasalat, jafnvel olíulegna ætisþistla eða eggaldin. Allt eftir smekk hvers og eins.

· Einnig skal bent á að ef t.d. er notað tortellini, fyllt pasta, er hægt að bera þennan rétt fram sem kalt pastasalat. Þá er salatið upplagt á hlaðborð með fleiri réttum sem passa saman.



4 FYRIR 3 - SPARAÐU MEÐ

MAGNIKAUPUM

Nýtt og endurbætt MEGA MASS 4000

Óhemju orkurík próteinblanda sem tryggir næga orku á æfingum og fljóta og góða endurhleðslu eftir æfingar. Ný mysu og mjólkurproteinblanda hlaðin aminosýrum sem færir vöðvunum nægt byggingarefni.

Verð pr. stk. kr. 9.900.-
Verð fyrir 3 stk. kr. 29.200.-



Ath. þessi blanda er ætluð þeim sem vilja stækka hratt og mikið

ÞÚ BORGAR
FYRIR
EN FÆRÐ **3**
4

ÞÚ
SPARAR KR.
9.900.-

ZELL VOLUME PLUS

Meira insulin = Meiri og hraðari flutningur á creatini og glutamini í vöðvafrumuna = Pumpaðri og sterkari vöðvar.

Verð pr. stk. kr. 4.995.-
Verð fyrir 3 stk. kr. 14.985.-



ÞÚ BORGAR
FYRIR
EN FÆRÐ **3**
4

ÞÚ
SPARAR KR.
4.995.-

AMINO POWER LIQUID

Ný og sterkari aminosýrublanda sem varnar vöðvaniðurbroti og minnkar mjólkursýrumyndni í vöðvum þegar þjálfað er. Skilar úthaldsmeiri vöðvum = Meiri og betri árangri.

Verð pr. stk. kr. 3.300.-
Verð fyrir 3 stk. kr. 9.900.-



ÞÚ BORGAR
FYRIR
EN FÆRÐ **3**
4

ÞÚ
SPARAR KR.
3.300.-

Handlóð - Jógapakkar - Dýnur - Sippubönd - Ökklapyngingar - Handgrip - Laus lóð - Fæðubótarefni

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 / Laugardaga frá kl. 11-15

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



HÁTÍSKA Í ÖLLUM HEIMSBORGUM

Danska tískumerkið Noir er einungis rúmlega árs gamalt en nú nýlega sýndi það í þriðja sinn á tískuvikunum í London og í Kaupmannahöfn. Það er hinn danski Peter Ingwersen sem stendur að baki Noir en hann á sér lengri sögu í tískuheiminum sem „Brand Manager“ ýmissa fyrirtækja, m.a. Levi's og Day, Birger og Mikkelsen. Tískusýning Noir á tískudögum í Kaupmannahöfn í byrjun febrúar vakti mikla athygli og fatnaður fyrirtækisins, sem aðstandendur vilja flokka undir svoltið rokkaðan, huggulegan en afslappaðan stíl, er í hæsta gæðaflokki. Noir samsteypan stendur líka fyrir framleiðslu á hágæða bómullarefnum frá Afríku undir merkjum Illuminati og eru þessi efni meðal annars notuð í flíkurnar.

Noir hefur á örskömmum tíma skrifað sig á hátískulistann og er farið að selja vörumerkið í öllum helstu heimsborgunum, en hér á landi fást Noir flíkurnar í verlsuninni Noma, Bankastræti.





NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fíulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur
fyrir alla þá sem hafa hollustuna
í fyrirrúmi og vilja lifa á
heilsusamlegan hátt.



SKYR



Hemmar Helgri

FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

Brynhildur Björnsdóttir
elur upp



Brjóstumkennd

Einn fannhvítan morgun í janúarmánuði eignaðist ég barn. Það kom ekkert á óvart í sjálfu sér, ég hafði átta mánuði til að undirbúa mig og átti satt að segja von á því að fæðing þessa frumburðar míns yrði miklu erfiðari og strembnari en raunin varð. En auðvitað kom eitt og annað á óvart. Ég var til dæmis mjög hissa að hún skyldi vera hún en ekki hann eins og ég hafði alla meðgönguna verið sannfærð um. En mest var ég þó hissa þegar kom að brjóstgjöfinni.

Ég hafði lesið í öllum betri bókum að allar konur gætu ekki bara heldur ættu að brjóstfæða börnin sín. Ástæðurnar eru fjölmargar: barnið verður hraustara, fær síður alls kyns kvilla á fullorðinsárum, verður greindara og hættir síður til offitu, móðirin fær síður krabbamein, missir aukaklónin og svo mætti lengi telja. Og mér datt aldrei annað í hug en að gefa barninu mínu þessa forgjöf út í lífið. Ég hafði búist við sársauka sem ég ætlaði mér að sigrast á með bros á vör og hann lét ekki á sér standa enda hef ég sjaldan fundið eins mikið til og fyrsta hálfá mánuðinn þegar við dóttir mín vorum að læra að gefa og taka brjóst.

En að til væru konur sem framleiddu ekki nægilega mikla mjólk handa börnunum sínum hafði ég hvorki heyrt né lesið í móðurfræðunum. Svo reyndist ég vera ein af þeim. Af því að allar konur geta víst mjólkað ef þær bara vilja fékk ég sterklega á tilfinninguna að vandinn lægi hjá mér. Ég var greinilega ekki að standa mig sem skyldi. (Þegar ég fór að segja farir mínar ekki sléttar kom reyndar í ljós að meira en helmingur mæðra sem ég þekki hefur átt í erfiðleikum með það, en hvað um það.) Ég reyndi ýmislegt til að bæta mig. Ég setti plastfilmu yfir geirvörturarnar, nuddaði brjóstin vel og vandlega, drakk alls konar te, rauðvín, mjólk og pilsner, var í hlýjum sokkum, þambaði fjóra lítra af vatni á dag, mjólkaði mig með handpumpu og rafmagnspumpu svo heimilið leit út eins og meðalfjós og tók hin ýmsustu bæti efni í óráðlögðum skömmtum.

En framleiðslan í mjólkurbúí BB var samt ekki nóg og þegar dóttir mín hafði grátið stanslaust nokkrar nætur í röð og var orðin ískyggilega mikið léttari en þegar hún fæddist neyddist ég til að játa mig sigraða og með grátstafinn í kverkunum yfir því að vera að bregðast frumskyldum mínum við barnið mitt fór ég í apótekið og keypti þurrmjólk og pela. Ég var viss um að barnið mitt myndi nú hafna brjóstinu og yrði feitasta og heimskasta barn á Íslandi og allt mér að kenna.

En í staðinn varð allt betra. Barnið fékk að borða og hætti þar af leiðandi að gráta, ég fékk þá að sofa og brjóstið fékk örliða hvíld til að láta sárin gróa. Reyndar ekki mikla því ég gef dóttur minni alltaf brjóst áður en hún fær pelann sinn og hún drekkur það sem þar er í boði af áfergu.

Frami og foreldrahlutverk

Það getur stundum verið flókið að vera einstætt foreldri og þurfa að samræma foreldrahlutverkið og frama á vinnustað. Stundum þarf að slaka aðeins á kröfunum og sætta sig við að enginn getur gert betur en sitt besta.

1 Gerið ykkur grein fyrir því að hvort sem þið eruð heima eða í vinnunni eigið þið eftir að finna fyrir sektarkennd. Takið strax á því og reynið að losa ykkur við hana. Það er nauðsynlegt að vinna til þess að sjá fyrir fjölskyldunni og fjölskyldan þarf á því að halda að þið eyðið tíma með henni.

2 Gerið allt sem þið gerið eins vel og þið getið og takið eitt fyrir í einu. Veitið börnunum fulla athygli þegar þið eruð heima og hafið hugann við vinnuna þegar þið eruð á vinnustaðnum.

3 Verið viss um að barnið sé í öruggum höndum þegar þið eruð í vinnunni. Ef barnið hefur ekki ennþá fengið leikskólaláss og er hjá dagmömmu er mikilvægt að þið getið treyst henni. Ef þið hafið áhyggjur af barninu allan daginn getið þið ekki unnið vinnuna ykkar almennilega.

4 Verðið ykkur úti um einhvern sem getur passað fyrir ykkur í neyð. Verið viðbúin því að hitt foreldrið geti ekki sótt barnið þegar það á að gera það eða að þið þurft að vinna frameftir til þess að klára verkefni.

5 Forðist að verða of stressuð. Það er erfitt að vera frábær starfskraftur og frábært foreldri allan tímann án þess að fá hjálp frá maka. Munið að það er ekki hægt að gera allt í einu og verið ekki of hörd við ykkur þó að þið getið ekki alltaf gert allt fullkomlega.

6 Verið mátulega kærulaus. Leyfið ykkur að panta mat eftir erfiðan vinnudag og hafið ekki áhyggjur þó að gólfíð sé ekki nýskúrað eða þið hafið ekki vaskað upp í tvo daga.

7 Verið ánægð með allt sem þið gerið vel. Ef allir eru fullklæddir, búinir að borða morgunmat, sæmilega hreinir og komnir í gæslu og þið náðið í vinnuna á réttum tíma, þá hafið þið staðið ykkur mjög vel.

FLOTTUR PAKKI

Fylgir öllum **impuls** eldhúsinnréttingum



1. Digital Ísland upptökulykill
2. Leiga út árið 2006
3. Afnotagjald af Sýn út árið 2006



2283 Takill

impuls

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

OPÍÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14



Gúrkusalat á ananasskeljum

Snarlið er alltaf betra þegar það er hollt og ekki spillir fyrir þegar það lítur jafn girnilega út og gúrkusalatið á ananasskeljunum gerir. Munið bara við matreiðsluna að halda hýðinu á gúrkunni því mesta næringargildi gúrkunnar leynist í því.

- 1 íslensk gúrka, lítil
- 1 rauð íslensk paprika
- 1 ferskur ananas
- hnefafylli af salatblöðum
- 1 dós, um það bil 180 grömm, hrein jógúrt
- nýmalaður pipar salt

Skerið gúrkuna í teninga. Fræhreinsið paprikuna og skerið í litla bita. Ananasinn er skorinn í tvennt og skeljarnar holaðar að innan. Kjarninn er skorinn frá og hent en ananaskjötið er skorið í litla bita. Salatblöðin söxuð smátt. Gúrku-, papriku- og ananasbitunum ásamt salatínu er blandað saman í skál og jógúrtinu, pipar og salti hrætt við. Ananasskeljarnar settar á fat og salatínu hrúgað á þær.

uppskrift fengin af islsknt.is

Borðað í nafni ástar

Matur gefur okkur næringu, vítamín og nauðsynleg bætiefni sem eru okkur mikilvæg. En matinn má einnig borða í átt að betra kynlífi. Enda er góð heilsa bæði hreysti og heilbrigði og umfram allt hamingja.

Kavíar ...

... er mjög ríkur af sinki sem örvar mjög hormónaframleiðslu í líkamanum. Sinkið eykur einnig starfsemi taugafrumna og getur því aukið á rómantískar tilfinningar.

Aspas ...

... eykur víst losta samkvæmt sautjándu aldar jurtafræðingum.



Kaffi ...

... er talið auka kynferðislega virkni, en deila má um hvort það sé koffínið sjálf eða út af því að koffínið heldur okkur vakandi.

Radísur ...

... voru frygðarlyf í Egyptalandi til forna, enda kryddaðar á bragðið og ástleitnar á litinn.

Hvítlaukur ...

... er ástríðuaukandi. Munið bara að bursta tennurnar.



Banarar ...

... auka kynferðislega getu karlmanna samkvæmt sumum könnunum.

Súkkulaði ...

... er sætt og seiðandi og gleður taugakerfið á þá leið að lundin okkar léttist. Auk þess vinnur súkkulaði gegn hömlum okkar og slakar bæði á huga og líkama.

Fíkjur ...

... voru ástríðulyf hjá forn Grikkjum.

Ostrur ...

... eru löngum þekktar sem ástríðuaukandi matur.

Tómatar ...

... voru kallaðir ástarepli á endurreisnartímanum, sem segir allt sem segja þarf.



Aðstandendur í áhættu

Makar þeirra sem glíma við alvarlega sjúkdóma eiga hættu á að veikjast sjálfir vegna andlegs álags.

Ný bandarísk rannsókn bendir til þess að makar þeirra sem glíma við alvarleg veikindi eru sjálfir í mikilli hættu á að verða veikir. Sú áhætta er rakin til aukins álags og stress sem fylgir því að hugsa um veikan maka. Margir upplifa einnig tekjuskorðingu, félagslega einangrun og gríðarlega sorg. Allir þessir þættir geta haft þær afleiðingar að heilbrigði makinn verður sjálfur veikur.

Rannsóknin náði til 518.240 eldri hjóna yfir níu ára tímabil. Niðurstöðurnar sýndu að karlmenn voru 4,5 prósentum líklegri til að falla frá eftir að eiginkona þeirra leggst inn á spítala, en konur þrjú prósent, leggðust eiginmenn þeirra inn á sjúkrahús.

Við andlát maka eru karlmennt 21 prósentum líklegri til að falla frá sjálfir en konur 17 prósentum



líklegri og var dánartíðnin sérstaklega há fyrstu sex mánuðina eftir andlát makans.

Rannsakendur telja nauðsynlegt að áhrif á maka sjúklings séu viðurkennd hvort sem það er af heilbrigðisstétt eða nánustu aðstandendum þar sem áhættuþættirnir geta líka átt við börn, systkini og nána vini.



ENNEMM / SIA / NM20838



- vinsælasta viðbitið

KVEF?

VERKJALYF



HÁLSTÖFLUR



FRUNSUÐKREM



NEFÚÐI

Opið til 24 alla daga
Lyf & heilsa Austurveri

Opið til 21 alla daga
Lyf & heilsa JL húsinu

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði · Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1.hæð · Kringlunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd · Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu
Hveragerði · Hvolsvelli · Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Portákshöfn · Dalvík · Glerártorgi Akureyri
Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!



af öllum Nettoline innréttingum
20% Afsláttur
til 20. mars



nettoline



AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Eldhúsinnréttingar
Baðinnréttingar
Þvottahússinnréttingar
Fataskápar með venjulegum- og
rennihurðum

www.nettoline.com

EKKI BARA INNRÉTTINGAR !

Við bjóðum einnig fullkomið úrval vandaðra raftækja, Elba eldunartæki og uppþvottavélar og Snaigé kæli- og frystiskápa

Á tilboðsdögum bjóðum við raftækin með allt að 25% afslætti, þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu

ELBA



Eldavélar



Gaseldavélar



Ófnar



Helluboró



Viftur & háfar



Uppþvottavélar



Snaigé Kæli- og frysti



Glæsilegar dansk innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins



Innréttinga**tilboð**

SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

Allar Nettoline innréttingar með

20% afslætti til 20. mars

Nýttu þér gullið tækifæri því verðið hefur aldrei verið hagstæðara



tiskápar

OPIÐ

Mánudaga til föstudaga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-15



Frisform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



Jóhanna Sveinsdóttir
segir kynjasögur

Upploginn hvítur sannleikur

Hægt er að búa til heilan þróunarskala yfir hvernig hugsun- arháttur og hegðun karlmanna hefur þróast í samböndum síðastliðna áratugi. Þeir karlmenn sem enn eru á frumstigi líta á konuna sína sem nýja útgáfu af móður sinni sem sér um heimilið og elur upp börnin. Þeir sem eru um miðjan skalann eru þeir sem eru farnir að fatta að það er í lagi að gráta og tala um tilfinningar sínar og svo eru það þeir sem eru komnir á toppinn, en það eru karlmennirnir sem vita hvenær má ljúga að konunni sinni og hvenær ekki.

Konur spyrja alls kyns spurninga á hverjum degi varðandi hin og þessi mál sem veða mismikið í lífi þeirra. Við spyrjum hvað klukkan sé og ætlumst til að fá nákvæmt svar. Við spyrjum hverjir séu kostir viðbótalfeyrissparnaðar og ætlumst til að fá ítarlegt svar. Við spyrjum hvort við séum feitar í tilteknum buxum og ætlumst til að svarið sé nei. Og það er óháð skoðun svarandans eða ummáli læra. Þannig er það nú bara.

